

Handbók

Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina

Markmið handbókar er að gefa umsækjendum og matshópi betri innsýn í umsóknarferli Lóu nýsköpunarstyrkja, allt frá auglýsingu um umsóknarfrest að styrkvilyrði og utanumhaldi um veitta styrki.

1. Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina

Hlutverk Lóu styrkja er að styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, verðmætasköpun og atvinnulíf sem byggir á hugviti og þekkingu, á forsendum svæðanna sjálfra. Ráðherra menningar-, nýsköpunar- og háskóla veitir styrkina til eflingar nýsköpunar á landsbyggðinni í samræmi við nýsköpunarstefnu stjórnvalda.

Styrkjum er úthlutað árlega. Styrkirnir eru samkeppnisstyrkir og skal úthlutað til verkefna til eins árs í senn.

Allar upplýsingar um styrkina veitir starfsfólk ráðuneytisins og skulu fyrirspurnir senda á mnh@mnh.is.

2. Styrkhæfi verkefna

Styrkjum Lóu er úthlutað til nýsköpunarverkefna utan höfuðborgarsvæðisins (Reykjavíkurborgardæmin tvö og Suðvesturkjördæmi) líkt og það er skilgreint í gildandi byggðakorti og leiðbeinandi reglum ESA þar um. Byggðakortið skilgreinir á hvaða svæðum á Íslandi unnt er að veita svokallaða byggðaaðstoð í samræmi við leiðbeinandi reglur ESA þar um. Byggðaaðstoð eða svæðisbundin ríkisaðstoð er stuðningur ríkis eða sveitarfélaga til að efla byggðapróun og efnahagslíf á ákveðnu landsvæði. Kortið skiptist í höfuðborgarsvæðið (Reykjavíkurborgardæmin tvö og Suðvesturkjördæmi) og Ísland utan höfuðborgarsvæðisins (Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurlandkjördæmi).

Styrkjum er úthlutað til verkefna sem stuðla að uppbyggingu vistkerfis fyrir nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðlastarf á forsendum svæðanna.

Hver einstakur styrkur skal ekki nema hærri fjárhæð en 20% af heildarfélagshæð hvers árs.

3. Umsókn

Umsókn skal senda inn í gegnum rafrænt umsóknarkerfi á heimasíðu ráðuneytisins á þar til gerðu umsóknarformi. Umsóknir sem skilað er eftir öðrum leiðum eða sem berast utan tiltekens umsóknarfrests verða ekki teknar til efnislegrar meðferðar.

3.1. Ferli umsóknar

Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknum í upphafi árs og að úthlutun geti að jafnaði átt sér stað í apríl ár hvert.



3.2. Umsækjendur

Aðilar skulu vera einstaklingar eða lögaðilar. Lögaðilar í meirihlutaeigu ríkis og/eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera aðalumsækjandi í þeim verkefnum sem hljóta styrk.

Sé um samstarfsverkefni um að ræða skal greina frá samstarfsaðilum og senda staðfestingu með umsókn.

3.3. Lýsing á verkefni

Lýsa skal verkefninu, hver markmið þess eru og hvaða þýðingu verkefnið hefur fyrir umsækjanda og meðumsækjendur (ef á við).

3.4. Staða verkefnis

Umsækjendur eru beðnir um að segja frá stöðu verkefnisins þegar umsókn er skrifuð. Er búið að koma á samstarfi, gera rannsóknir, gera áætlanir eða annað sem varpar ljósi á núverandi stöðu verkefnis.

3.5. Árangursmat

Hér skal setja niður mælikvarða á það hvernig árangur verkefnisins verður metinn. Hvatt er til að settur sé raunverulegur mælikvarði á árangur sbr. fjölgun starfa, aukin færni atvinnulífs, hagnýting afurðar eða ný afurð. Mikilvægt er að umsækjendur setji skýrt fram hver árangur verkefnisins á að vera.

3.6. Fjárhagsáætlun

Gera þarf grein fyrir heildarkostnaði verkefnis sem sótt er um styrk fyrir þ.m.t laun þeirra sem koma að verkefninu. Mikilvægt er að skipta upp kostnaði eins og kostur er og merkja sértaklega þá liði sem gert er ráð fyrir að fjármagna með stuðningi úr Lóu. Jafnframt skal gera grein fyrir mótframlagi umsækjenda og samstarfsaðilum (ef á við). Mikilvægt er að við áætlanagerð sé gert ráð fyrir eins nákvæmum kostnaðartölum og unnt er.

Athugið að gerð er krafa um að lágmarki 30% mótframlag frá umsækjanda og samstarfsaðilum (ef við á). Mótframlag getur verið í formi fjármagns eða vinnu. Varðandi tímagjald/laun er horft til leiðbeininga Ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald. Athugið að gera þarf grein fyrir því hvernig framlag samstarfsaðila er til verkefnisins. Samstarf er milli tveggja eða fleiri aðila sem miðar að því að vinna saman að ákveðnu markmiði þar sem skilgreint er framlag hvers samstarfsaðila sem og ávinningur beri umsókn árangur. Ekki er gert ráð fyrir því að samstarfsaðilar fái greitt fyrir framlag sitt til verkefnisins.

3.6.1. Óstyrkhæfur kostnaður

- Afborganir af lánum
- Kostnaður vegna stofnunar fyrirtækja og leyfisveitingar
- Framleiðslukostnaður á vörum til sölu
- Kaup eða viðhald á tækjabúnaði og fasteignum (í undantekningartilvikum kemur til greina styrkveiting í sérhæfð tæki sem eru nauðsynleg fyrir þróun verkefnis)
- Almennur rekstrarkostnaður.

3.6.2. Styrkhæfur kostnaður

- a) Laun við rannsóknir og þróun
- b) Aðkeypt þjónusta sem getur verið nauðsynleg fyrir framgang verkefnis (t.d. ráðgjöf)
- c) Funda- og ferðakostnaður
- d) Samrekstur og aðstaða (allt að 10%)

3.6.3. Fjármögnun

Mikilvægt er að greina frá því hvernig ætlunin er að fjármagna heildarkostnað verkefnis sem sótt er um styrk fyrir. Greina skal frá fyrri styrkjum sem veittir hafa verið til verkefnisins og/eða fyrri áfanga þess. Einnig skal greina frá öðrum styrkjum sem sótt hefur verið um fyrir sama verkefni. Einnig eru umsækjendur hvattir til að gera greinarmun á því hvernig önnur fjármögnun er sbr. tekjur af sölu afurða/þjónustu, auglýsingar, þátttökugjöld, vinnuframlag og svo framvegis.

Opinberir styrkir til verkefnisins, þar með talinn styrkur úr Lóu, geta að hámarki numið 70% af kostnaði. Með opinberum styrkjum eru m.a. taldir styrkir frá Tækniþróunarsjóði, uppbyggingarsjóðum, Matvælasjóði og öðrum sjóðum sem fjármagnaðir eru með opinberu fé.

3.6.4. De minimis reglur

Hvað varðar minniháttar aðstoð (de minimis) lýsa styrkþegar því yfir að þeir hafi ekki á síðastliðnum tveimur reikningsárum auk yfirstandandi reikningsárs, fengið styrki frá opinberum aðilum sem teljast til minniháttar aðstoðar, sem nema hærri upphæð en 300.000 evrum að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um. Umsækjandi er hvattur til að kynna sér hvort að þeir styrkir sem hann hefur fengið á sl.

4. Mat umsókna

Við mat á umsóknum er horft til eftirfarandi þátta:

- **Nýsköpun, nýnæmi og staða verkefnis (50%)**

- Mikilvægi verkefnis fyrir nýsköpun og uppbyggingu á hugvitsdrifnu atvinnulífi á viðkomandi svæði
- Mikilvægi verkefnis fyrir verðmætasköpun á svæðinu
- Tengin við nýsköpunarstefnu stjórnvalda og svæðisbundnar áherslur á sviði nýsköpunar og atvinnulífs (sbr. sóknaráætlanir landshlutanna)
- Skalanleiki verkefnis
- Staða verkefnis

Við mat á nýnæmi verkefna er stuðst við skilgreiningu OECD um nýsköpun: Nýsköpun er skilgreind sem innleiðingu nýrrar eða mjög endurbættrar vöru, þjónustu eða ferils, nýrrar aðferðar til markaðssetningar eða nýrrar skipulagsaðferðar í viðskiptaháttum, skipulagi á vinnustað eða ytri samskiptum.

- **Faglegir þættir (25%)**

- Gæði verkefnis
 - Eru markmið verkefnis skýr?

- Kemur skýrt fram hvernig verkefnið verður unnið (verk- og tímaáætlun)?
 - Kemur fram hvernig markmiðum verkefnis verður náð?
 - Kemur fram hvernig árangur verður metinn?
 - Faglegur bakgrunnur umsækjanda og annarra þátttakenda
 - Fjárhagslegur grundvöllur verkefnis og önnur fjármögnun (sjá í kafla um fjárhagsáætlun verkefnis hér ofar)
- **Samfélagslegt gildi (15%)**

Segja skal frá því í umsókn hver áhrif verkefnis gætu orðið á verkefnið fram að ganga. Umsækjendur skulu greina í stuttu máli frá því hvaða heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verkefnið tengist.

 - Mikilvægi verkefnis fyrir uppbyggingu vistkerfis nýsköpunar og nýrrar þekkingar á svæðinu.
 - Tenging verkefnis við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- **Samstarf (10%)**

Segja skal frá því hvaða aðilar koma að verkefninu og hvort um er að ræða samstarf og í hverju samstarfið er fólgið. Ath. hér er ekki átt við verktaka sem koma að verkefninu og fá greitt fyrir sína vinnu.

 - Samstarf á alþjóðlegum vettvangi
 - Samstarf við háskóla/fagstofnanir
 - Annað samstarf sem er mikilvægt fyrir verkefnið

5. Umsóknargögn

Farið er með allar umsóknir og fylgigögn þeirra sem trúnaðarmál. Umsóknir sem berast í gegnum umsóknarkerfi eru metnar í þar til gerðu matskerfi.

Í lok matferlis eru tillögur matshóps sendar til ráðherra sem tekur endanlegar ákvörðun um úthlutun.

6. Styrkvilyrði

Upplýsingar um veitta styrki (umsækjanda, heiti umsóknar, megin viðfangsefni og upphæð) eru birtar á vefsíðu ráðuneytisins. Þar eru jafnframt birtar upplýsingar um heildarfjölda umsókna og umbeðna styrkupp hæð, hlutfall milli landshluta og fleiri tölfræðilegar upplýsingar.

6.1. Samningur

Þegar úthlutun hefur verið samþykkt er gengið til samninga við forsvarsaðila þeirra verkefna sem hljóta styrkvilyrði. Styrkþega er boðið til samninga og þarf hann að gera verk-, tíma- og kostnaðaráætlun sem verður órjúfanlegur hluti samnings. Hafi orðið breytingar á verkefninu frá því sótt var um skal umsækjandi gera grein fyrir því áður en til undirritunar kemur.

6.2. Greiðslur

Greiðslur til verkefna eru framkvæmdar í tvennu lagi, annars vegar við undirritun samnings (athugið að greiðslur getur tekið allt að 14 virka daga að berast frá Fjársýslu ríkisins) og hins vegar þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt.

7. Matshópur og matsferlið

7.1. Matshópur

Alls eru 3 aðilar í matshóp. Matshópur fær sendan lista yfir umsækjendur og verkefni og eru beðnir um að greina frá vanhæfi, ef á við, varðandi umfjöllun einstakra umsókna. Matshópur afgreiðir hverja umsókn með heildareinkunn og heildarumsögn og forgangsraðar umsóknum til ráðherra sem síðan staðfestir fyrir sitt leyti.

7.2. Matsferlið

Að loknum umsóknarfresti eru umsóknir undirbúnar fyrir matshóp. Umsóknir eru flokkaðar í eftirfarandi flokka:

- **A:** Umsókn með einkunn A er verkefni sem er að skora hátt í þeim matsþáttum sem liggja til grundvallar í reglunum og lagt er til að verði stutt. Verkefnið, eða niðurstöður þess, hafa möguleika til að skapa störf til framtíðar, geta verið uppskalanlegar, skýr langtímamarkmið og hátt nýsköpunargildi.
- **A-:** Umsókn sem inniheldur áhugavert verkefni og er að skora hátt í þeim matsþáttum sem liggja til grundvallar en ekki er mælt með að verði stutt t.d. vegna annarra opinberra styrkja og/eða telst fullfjármagnað.
- **B:** Umsókn fær einkunnina B uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í reglum og hefur möguleika til að skapa störf eða innihalda annan virðisaukandi þátt fyrir starfsemi fyrirtækisins og/eða fyrir samfélagið, nýsköpunargildi talsvert.
- **B-:** Umsókn sem uppfyllir skilyrði reglnanna sem liggja til grundvallar en ekki er lagt til að verði stutt t.d. vegna annarra opinberra styrkja, ekkert mótframlag, gildi samstarfs takmarkað/ekkt fyrir þátttakendur, takmarkað nýsköpunargildi.
- **C:** Umsókn fær einkunnina C ef hún uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru fram í reglum á einhvern hátt sbr. umsækjandi með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu; verðmætasköpun og þekking verður eftir á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að verkefni sé unnið á landsbyggðinni. Takmörkuð nýsköpun, vara/þjónusta þekkt á markaði.

Matshópur les yfir allar umsóknir og getur breytt röðun einstakra verkefna.

Matshópur skrifar stutta umsögn við hvert verkefni þar sem farið er yfir styrkleika og veikleika umsóknarinnar. Mat skal byggjast að öllu leyti á því sem fram kemur í umsókn og



fylgigögnum. Umsögn skal vera uppbyggileg og miða að því að gagnast umsækjanda og verkefninu sem sótt er um styrk fyrir.

Ef aðili í matshóp er vanhæfur varðandi einstaka umsókn samkvæmt 3.gr. Stjórnsýslulaga skal viðkomandi víkja af fundi meðan umsókn er tekin til efnislegrar umfjöllunar. Matshópur ræðir mat og gengur út frá sameiginlegu mati.